

## Fundargerð Æskulýðsnefndar

Thelma Víglundsdóttir formaður 23 nefndarmenn sátu fundinn.

Þingskjal nr.20

Leggjum til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 27.

Leggjum til að tillagan verði felld.

Nokkrar umræður voru um tillöguna. Á vef ÍSÍ kemur fram í Stefnuyfirlýsingu um tilhögun íþróttaupveldis æskufólks innan íþróttahreyfingarinnar um verðlaun og viðurkenningar stendur í 6. grein a) 10 ára og yngri; allir fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku.

Nefndin vill leggja til við félögin að þau geri pollum kleift að keppa við jafningja því mikill munur er á barni sem er 5 ára og þeim sem er 9 ára. Gera þarf keppnina fyrir þau áhugaverða og skemmtilega, það væri til dæmis hægt að setja upp keppni í sambærilegri grein og T7 fyrir þá polla sem ríða sjálfiir, en umfram allt að raða ekki í verðlaunasæti heldur að allir fá eins viðurkenningu.

Umræða spannst líka um það hvort nafnið pollaflokkur Spurning hvort nafnið pollaflokkur fæli frá og hvetjum við félögin til að kalla þetta eitthvað annað en pollaflokk . Nokkrar hugmyndir komu um hugmyndir af nöfnum, folalda- og trippa flokkur... pollaflokkur og æskuflokkur, teymdir eða ríðandi.

Þingskjal nr. 47

Leggjum til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Mikil og jákvæð umræða var í nefndinni um tillöguna, klárlega þarf að auka verulega fjármagn til æskulýðsmála.